

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 170/1994.

**Jón Guðjónsson**

(Jóhann Þórðarson hrl.)

gegn

**Stangaveiðifélagi Patreksfjarðar**

**Jóakim Arasyni**

**Jóhannesi Arasyni**

**Arnfríði Aradóttur**

**Elíasi Guðmundssyni**

**Bryndísi Guðmundsdóttur**

**Jóni Eggerti Hallssyni**

**Gunnsteini Gíslasyni og**

**Brynjólfi Þór Brynjólfssyni**

(Agnar Gústafsson hrl. og

Knútur Bruun hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Landamerki.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. mars sl., sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. fyrra mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðilarnir Gunnsteinn Gíslason og Brynjólfur Þór Brynjólfsson hafa eigi látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti. Aðrir varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Annar kafli laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. var felldur úr gildi með 7. tölulið 6. gr. laga nr. 92/1991 um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Gilda nú 5. og 6. töluliðir þeirrar greinar um viðbætur við 6. gr. laga nr. 41/1919 um afskipti sýslumanna af ágreiningi um landamerki.

Í máli þessu deila aðilar eingöngu um landamerki jarða, en mörk milli stjórnsýsluumdæma eru ekki til skoðunar í málinu.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna úrskurðar héraðsdóms ber að staðfesta hann um annað en málskostnað. Þar sem á þykir skorta, að stefndu hafi lagt sitt af mörkum til að gera mál þetta sem skýrast úr garði, er rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

### Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 14. mars 1994.

Ár 1994, mánudaginn 14. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni, héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. E-31/1993: Jón Guðjónsson gegn Stangaveiðifélagi Patreksfjarðar o.fl., sem tekið var til úrskurðar hinn 17. febrúar síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu.

### I.

Málið höfðaði Jón Sigfús Sigurjónsson héraðsdómslögmaður fyrir hönd Jóns Guðjónssonar, kt. 110226–4039, Laugabóli, Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, með stefnu, út gefinni 3. febrúar 1993, á hendur Stangaveiðifélagi Patreksfjarðar, kt. 650592–2049, Urðargötu 26, Patreksfirði, eiganda jarðarinnar Fjarðarhorns, og Jóakim Arasyni [o.fl.], eigendum jarðarinnar Seljalands, báðum í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, til að fá staðfest með dómi, að kröfulína, merkt A á uppdrætti, teiknuðum af verkfræðistofunni Hnit hf., eftir loftljósmyndum frá 19. júlí 1991 (dómskjal nr. 3), marki rétt landamerki jarðanna Fjarðarhorns og Seljalands annars vegar og jarðarinnar Laugabóls hins vegar, þar sem lönd jarðanna liggja saman á Kollafjarðarheiði. Þá er í stefnu krafist málskostnaðar með dráttarvöxtum úr hendi stefndu auk virðisaukaskatts.

Stefndu Gunnsteinn Gíslason og Brynjólfur Þór Brynjólfsson hafa ekki sótt þing í málinu. Af hálfu annarra stefndu er haldið uppi vörnum. Hafa lögmenn þeirra, Knútur Bruun hæstaréttarlögmaður f.h. Jóakims Arasonar og Agnar Gústafsson hæstaréttarlögmaður f.h. annarra varnaraðila, krafist þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi [...].

Dómkröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru þær, að frávísunarkröfunni verði hrundið og hliðsjón höfð af þessum þætti við ákvörðun málskostnaðar við efnismeðferð málsins. Komi hins vegar til frávísunar, verði málskostnaður látinn niður falla.

— — —

#### IV.

Samkvæmt 8. gr. landamerkjálaga skal héraðsdómari boða til dómþings, fái hann áreiðanlega vitneskju um, að ágreiningur, sem hann telur máli skipta, sé um landamerki jarða, og kveðja til deiluaðila. Á því dómþingi skulu aðilar lýsa kröfum sínum og skulu þær bókaðar. Leitar dómari síðan sátta með aðilum.

Eru áður rakin afskipti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu af meðferð þessa máls, en sýslumaður var jafnframt dómari í héraði á þeim tíma er ágreiningur reis. Verður ekki ráðið af gögnum málsins, að hann hafi fært til bókar kröfur aðila áður en sáttameðferð lauk. Þykir málatilbúnaður aðila og kröfugerð bera þess glöggvitni, en verulegs misskilnings virðist hafa gætt milli aðila um stærð og víðfeðmi umrædds þrætusvæðis allt til framlagningar greinargerða stefndu í málinu. Verður nú við það að miða, að ágreiningur sé um landamerki jarðarinnar Laugabóls annars vegar og jarðanna Fjarðarhorns og Seljalands hins vegar á því svæði öllu, þar sem jarðirnar liggja saman á Kollafjarðarheiði. Ber með hliðsjón af meginreglum landamerkjálaga að leysa úr þeim ágreiningi til hlítar, en við ákvörðun slíkrar merkjalínu í máli þessu þykir meðal annars skorta heildaruppdrátt af þrætusvæðinu, þar sem aðilar hafi markað á kröfulínur til sóknar og varnar. Verður ekki ráðin bót á þeim annmarka undir rekstri málsins, sbr. 95. gr. laga um meðferð einkamála.

Samkvæmt fram lögðum uppdráttum í málinu virðist nokkuð á reiki, hvar sýslumörk Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu eru talin liggja á Kollafjarðarheiði. Á hinn bóginn er ágreiningslaust milli aðila, að merki jarðanna, sem hér er um að tefla, séu jafnframt sýslumörk og mörk milli Nauteyrarhrepps annars vegar og Reykhólahrepps hins vegar. Þar sem úrslit þessa máls kunna síðar að varða viðkomandi sveitarfélög og hafa áhrif á staðarmörk stjórnsýsluumdæmanna tveggja, þykir mega fallast á það með stefndu, að gefa hefði átt fyrirvarsmönnum viðkomandi lögaðila kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í máli þessu eða gæta þar annars réttar síns. Þykja tilvitnuð ákvæði sveitarstjórnarlaga og laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði þar engu breyta, enda dómur í máli þessu ekki bindandi fyrir slíka lögaðila.

Vegna framangreindra annmarka á málsmeðferð verður ekki hjá því

komist að vísa málinu frá héraðsdómi. Samkvæmt þeim úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða eiganda jarðarinnar Fjarðarhorns, stefnda Stangaveiðifélagi Patreksfjarðar, krónur 100.000 í málskostnað og eigendum jarðarinnar Seljalands, þeim er tekið hafa til varna í málinu, sömu fjárhæð óskipt. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það athugast, að sökum mikilla anna héraðsdómara við önnur embættisstörf hefur uppkvaðning úrskurðar þessa dregist umfram það sem venjulegt þykir.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Stefnandi, Jón Guðjónsson, greiði stefnda Stangaveiðifélagi Patreksfjarðar krónur 100.000 í málskostnað og stefndu Jóakim Arasyni, Jóhannesi Arasyni, Arnfríði Aradóttur, Elíasi Guðmundssyni, Bryndísi Guðmundsdóttur og Jóni Eggerti Hallssyni sömu fjárhæð óskipt.

---